

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 27. september 2000

um breytingu á ákvörðun 94/360/EB um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinnar afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum samkvæmt tilskipun ráðsins 90/675/EBE*(tilkynnt með númeri C(2000) 2735)***(Texti sem varðar EES)**

(2000/583/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 97/78/EB frá 18. desember 1997 um meginreglur um skipulag dýraheilbrigðiseftirlits með afurðum sem fluttar eru inn til bandalagsins frá þriðju löndum ⁽¹⁾, einkum 10. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Tilskipun 97/78/EB felldi niður og kom í stað tilskipunar ráðsins 90/675/EBE ⁽²⁾, en á grundvelli hennar var tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/360/EB um lægri tíðni eftirlits með ástandi tiltekinnar afurðasendinga sem eru fluttar inn frá þriðju löndum ⁽³⁾ samín.
- 2) Eftir að snefill af vaxtarhvetjandi hormónum sem eru lífverum ekki náttúrleg (xenobiotic) fannst í innfluttu kjöti frá Bandaríkjum Norður-Ameríku var, með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/302/EB ⁽⁴⁾, komið á auknu eftirliti með öllum innflutningi á nýju nautakjöti og sláturúrgangi, að undanskildu vísundakjöti og sláturúrgangi, frá því landi.
- 3) Eftir að þessar efnaleifar fundust styrktu yfirvöld í Bandaríkjum Norður-Ameríku áætlun sína um hormónafríá nautgripi í júní 1999 en í ljósi þess að í skoðunarferð sinni til Bandaríkjanna rakst Matvæla og dýraheilbrigðisskrifstofa framkvæmdastjórnarinnar á

freakari vandamál tengd þessari áætlun var henni frestað í júlí 1999 en hún síðan endurvakin í september 1999 í endurbættri mynd sem áætlunin um nautgripi sem ekki hafa verið meðhöndlaðir með hormónum.

- 4) Eftir að tekið var upp viðbótareftirlit, sbr. ákvörðun 1999/302/EB, hefur ekki greinst eitt einasta jákvætt sýni á tímabilinu og þar að auki hefur engin þeirra prófana sem gerðar hafa verið samkvæmt áætlun Evrópubandalagsins um viðbótarprófanir vegna hormóna sýnt jákvæðar niðurstöður.
- 5) Talið er að nú sé viðeigandi að afnema þær ráðstafanir um viðbótareftirlit sem gripið var til 1999 og fækka tíðni skoðana á nýju kjöti sem flutt er inn frá Bandaríkjum Norður-Ameríku þannig að í stað þess að allar afurðasendingar séu skoðaðar séu einungis 20 % afurðasendinga skoðaðar, sem jafngildir venjulegu eftirliti með ástandi alls nýs kjöts sem flutt er inn frá þriðju löndum, sem mælt er fyrir um í ákvörðun 94/360/EB.
- 6) Mikils er um vert að ljóst sé að allar afurðasendingar af nýju kjöti sem fluttar eru inn frá Bandaríkjum Norður-Ameríku sem sæta eftirliti með ástandi munu áfram vera rannsakaðar á rannsóknastofu með tilliti til hæfilegs magns hormónaleifa.
- 7) Þessi ákvörðun er fyrsta skref í þá átt að afnema smám saman með öllu þá skyldu að gera prófun á hverri afurðasendingu, sem valin hefur verið til eftirlits með ástandi, með tilliti til hormóna og verður ákvörðunin endurskoðuð á grundvelli væntanlegra niðurstaðna úr prófunum.

⁽¹⁾ Stjtuð. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.⁽²⁾ Stjtuð. EB L 373, 31.12.1990, bls. 1.⁽³⁾ Stjtuð. EB L 158, 25.6.1994, bls. 41.⁽⁴⁾ Stjtuð. EB L 117, 5.5.1999, bls. 58.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýraheilbrigði.

trenbólon, zeranól og stilben þar með talið díetýlstilbóestról, og með tilliti til óeðlilega mikils innihalds leifa náttúrulegu hormónanna 17-beta-estradíóls, prógesteróns og testósteróns. “

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

3. 2. mgr. 1. gr. a falli niður.

Ákvörðun 94/360/EB er breytt sem hér segir:

2. gr.

1. Í stað 1. mgr. 1. gr. a komi eftirfarandi:

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

„—tíðni eftirlits með ástandi er 20 %,“

2. Í stað fyrsta undirliðar 1. mgr. 1. gr. a komi eftirfarandi:

Gjört í Brussel 27. september 2000.

„— taka skal tvö opinber sýni úr hverri afurðasendingu sem prófuð er og þau rannsökuð með tilliti til leifa hvers eftirtalinna hormóna sem eru lífverum ekki náttúrulegir (xenobiotic) melengestról asetat,

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.